

Álögð gjöld 2012

**...og afrit af framtali
má sækja af
þjónustusíðu þinni á**

skattur.is

**með kennitölu og veflykli RSK
eða rafrænu skilríki**



RÍKISSKATTSTJÓRI

Skattstofnar og útreikningur

Tekjuskattur og útsvar

Tekjuskattur er á bilinu 22,9% til 31,8% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. kafla skattframtals.

Af stofni 0-2.512.800 kr. **22,9%.**

Af stofni 2.512.801-8.166.600 kr. **25,8%.**

Af stofni yfir 8.166.600 kr. **31,8%.**

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 8.166.600 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 25,8% skatthlutfalli, allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 8.166.600 kr., þó reiknast 25,8% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 2.826.900 kr. við þessar aðstæður.

Útsvar er reiknað af sama stofni og er hundraðshluti þess ákvarðaður af sveitarfélögum. Útsvarsstofn skiptist hlutfallslega eftir búsetu í hverju sveitarfélagi á árinu og ákvarðast útsvar í samræmi við það. Sundurliðaðar upplýsingar um skiptingu útsvars eftir sveitarfélögum er að finna á þjónustusíðunni á skattur.is.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti og útsvari dregst persónuafsláttur og eftir atvikum sjómannaafsláttur, sbr. upplýsingar um skattafslátt hér á eftir.

Skattur á fjármagnstekjur

Stofn til skatts á fjármagnstekjur er vaxtatekjur, arður, leigutekjur og söluhagnaður, sbr. 3. kafla skattframtals. Lagður er 20% tekjuskattur á allar fjármagnstekjur ársins 2011. Frítekjumark manna vegna leigutekna af íbúðarhúsnæði er 30%. Frítekjumark er 100 þús. kr. vegna vaxtatekna hjá einstaklingi en 200 þús. kr. hjá samsköttuðum.

Hvorki útsvar né önnur gjöld eru lögð á fjármagnstekjur. Frá reiknuðum skatti á fjármagnstekjur dragast 18/37 af þeim persónuafslætti, sem ekki hefur verið nýttur með öðrum hætti.

Auðlegðarskattur

Á nettóeign einhleypings umfram 75 milljónir kr. og að 150 milljónum kr. og nettóeign samskattaðra umfram 100 milljónir kr. og að 200 milljónum kr. er lagður 1,5% auðlegðarskattur.

Á nettóeign einhleypings umfram 150 milljónir kr. og nettóeign samskattaðra umfram 200 milljónir kr. er lagður 2% auðlegðarskattur.

Viðbótarauðlegðarskattur

Viðbótarauðlegðarskattur er 1,5% í álagningu 2012. Stofninn er mismunur á nafnverði og raunvirði hlutabréfa í eigu framteljanda í lok árs 2010.

Ef raunvirði bréfanna er hærri en það nafnverð sem talið var fram í framtali 2011, myndar mismunurinn stofn að því marki sem hann, að viðbættum auðlegðarskattsstofni fyrra árs, er umfram 75.000.000 kr. hjá einhleypingi eða 100.000.000 kr. hjá samsköttuðum. Við útreikninginn er miðað við fjölskyldustöðuna skv. framtali 2011.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

Gjaldið er 9.182 kr. á hvern mann. Undanþegnir gjaldinu eru menn með tekjuskattsstofn 1.421.780 kr. eða lægri, og þeir sem eru 70 ára og eldri í árslok 2011, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Útvarpsgjald

Gjaldið er 18.800 kr. á hvern mann. Undanþegnir gjaldinu eru menn með tekjuskattsstofn 1.421.780 kr. eða lægri, og þeir sem eru 70 ára og eldri í árslok 2011, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Slysatrygging við heimilisstörf

Iðgjald vegna slysatryggingar við heimilisstörf er 450 kr.

Skattafsláttur

Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 530.466 kr.

Persónuafsláttur er fyrst dreginn frá reiknuðum tekjuskatti. Óráðstafaður persónuafsláttur gengur síðan til greiðslu á útsvari. Þegar um samskattaða er að ræða er þeim hluta persónuafsláttarins, sem enn er óráðstafað, bætt við persónuafslátt maka. Af því sem þá kann að vera óráðstafað ganga 18/37 til greiðslu skatts á fjármagnstekjur, en fellur að öðru leyti niður.

Sjómannaafsláttur

Sjómannaafsláttur á árinu 2011 var 740 kr. á dag. Sjómannaafsláttur er dreginn frá reiknuðum tekjuskatti á undan persónuafslætti. Hann getur mestur orðið jafnhár reiknuðum tekjuskatti af launum fyrir sjómannsstörf. Sjómannaafsláttur sem ekki nýtist á móti tekjuskatti fellur niður.

Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, eiga rétt á vaxtabótum.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta er sú fjárhæð sem lægst er af a), b) og c).

- Vaxtagjöld samkvæmt reitum 87 og/eða 166 á framtali.
- 7% af eftirstöðvum skulda samkvæmt reitum 41, 45 eða 167 á framtali.
- Hámark vaxtagjalda. Hjá einhleypingi er það 800.000 kr., hjá einstæðu foreldri 1.000.000 kr. og hjá samsköttuðum 1.200.000 kr.

Frá vaxtagjöldum samkvæmt framansögðu eru dregin 8% af tekjum. Hjá samsköttuðum er miðað við samanlagðar tekjur beggja. Mismunurinn er vaxtabætur sem eru skertar hlutfallslega fari eignir að frádregnum skuldum fram úr:

- 4.000.000 kr. hjá einhleypingi eða einstæðu foreldri uns þær falla niður við 60% hærri mörk eða 6.400.000 kr.
- 6.500.000 kr. hjá samsköttuðum uns þær falla niður við 60% hærri mörk eða 10.400.000 kr.

Hámark vaxtabóta fyrir einhleyping er 400.000 kr., fyrir einstætt foreldri 500.000 kr. og fyrir samskattaða 600.000 kr.

Vaxtabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

Fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur

Endanleg fjárhæð vaxtabóta er byggð á framtali og ákvörðuð við álagningu. Á innheimtuseðli hafa fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur verið dregnar frá endanlegri fjárhæð.

Fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2012 koma ekki fram á álagningarseðli 2012.

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla verður greidd á árunum 2011 og 2012. Fjárhæðin miðast við lán vegna kaupa á íbúðarhúsnæði/búseturétti eins og þau standa í árslok 2010 og 2011 og nemur 0,6%. Hámark vaxtaniðurgreiðslu er 200.000 kr. hjá einhleypingi og 300.000 kr. hjá einstæðu foreldri og samsköttuðum. Fjárhæðin skerðist ef hrein eign einhleypings fer yfir 10.000.000 kr. og fellur niður við 20.000.000 kr. Hjá einstæðu foreldri og samsköttuðum skerðist fjárhæðin ef hrein eign fer yfir 15.000.000 kr. og fellur niður við 30.000.000 kr.

Sérstök vaxtaniðurgreiðsla að viðbættum vaxtabótum getur ekki orðið hærri en vaxtagjöld ársins vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Greiðsla fer fram 1. maí og 1. ágúst.

Barnabætur

Barnabætur eru greiddar framfærendum barna innan 18 ára aldurs, sem heimilisföst eru hér á landi. Þær eru greiddar í fyrsta sinn árið eftir að barn fæðist og í síðasta sinn árið sem 18 ára aldri er náð. Tekjutengdar barnabætur með öllum börnum eru sem hér segir:

Samskattaðir:

Með fyrsta barni 152.331 kr.
Með hverju barni umfram eitt 181.323 kr.

Einstæðir foreldrar:

Með fyrsta barni 253.716 kr.
Með hverju barni umfram eitt 260.262 kr.

Tekjutengdar barnabætur eru skertar með hliðsjón af tekjum framfæranda umfram 3.600.000 kr. hjá samsköttuðum og 1.800.000 kr. hjá einstæðu foreldri. Skerðingin er 3% af tekjum umfram mörkin ef um er að ræða eitt barn, 5% ef þau eru tvö og 7% ef þau eru þrjú eða fleiri.

Með öllum börnum yngri en 7 ára eru að auki greiddar tekjutengdar barnabætur, 61.191 kr. Skerðingarhlutföll þeirra eru 3% með hverju barni.

Barnabótum má aðeins skuldafagna á móti ofgreiddum barnabótum. Barnabætur sem eru lægri en 2000 kr. á mann falla niður.

Fyrirfram ákvarðaðar barnabætur

Endanleg fjárhæð barnabóta er byggð á framtali og ákvörðuð við álagningu. Á innheimtuseðli hafa fyrirfram ákvarðaðar barnabætur verið dregnar frá endanlegri fjárhæð.

Skatthlutfall barna

Af launatekjum barna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri á tekjuárinu, er reiknaður 4% tekjuskattur og 2% útsvar af fjárhæð sem er umfram 100.745 kr. Börn eiga ekki rétt á persónuafslætti.

Tryggingagjald og gjöld lögð á stofn til tryggingagjalds

Gjaldstofn og álagning

Tryggingagjald og önnur gjöld á sama stofn eru lögð á launagreiðendur. Gjaldstofninn er öll greidd laun, reiknað endurgjald, þóknarir, hlunnindi, mótframlag í lífeyrissjóð og aðrar hliðstæðar greiðslur samkvæmt III. kafla laga um tryggingagjald. Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota er lagt á samkvæmt lögum um þann sjóð og markaðsgjald samkvæmt lögum um Íslandsstofu. Gjaldþrepið er 8,65% af stofni. Gjaldskyldir eru allir þeir sem greiða laun eða reikna sér endurgjald.

Hundraðshluti álagðra gjalda á stofn til tryggingagjalds skiptist þannig:

Almennt tryggingagjald	4,54%
Atvinnutryggingagjald	3,81%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa v/gjaldþrota	0,25%
Markaðsgjald	0,05%
Samtals hundraðshluti til álagningar	<u>8,65%</u>

Viðbót vegna slysatryggingagjalds sjómanna við fiskveiðar 0,65%

Bændur, smábátæigendur og vörubifreiðastjórar greiða atvinnu-tryggingagjald til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Tryggingagjald er lagt á laun samkvæmt launaframtali. Þar ber að telja fram öll tryggingagjaldsskyld laun, reiknað endurgjald, þóknarir og hlunnindi ársins 2011, auk mótframlags í lífeyrissjóð.

Stofn til tryggingagjalds vegna reiknaðs endurgjalds getur aldrei verið lægri en 748.224 kr. hjá manni í fullu starfi við eigin atvinnurekstur.

Innheimta - staðgreiðsla tryggingagjalds

Á staðgreiðsluári skal greiða tryggingagjald mánaðarlega. Á árinu 2011 var þó heimilt að skila tryggingagjaldi af gjaldstofni í fyrsta sinn í þeim mánuði, sem stofninn náði 504.000 kr. og síðan mánaðarlega eftir það, ef gjaldstofn hafði til þess tíma verið lægri að meðaltali en 42.000 kr. á mánuði. Tryggingagjald, sem ekki er staðgreiðsluskilytt, gjaldfellur 1. ágúst.

Gjaldstofn utan staðgreiðslu er m.a. reiknað endurgjald lægra en 215.000 kr., reiknað endurgjald barna og laun og hlunnindi, sem undanþegin eru staðgreiðslu opinberra gjalda.

Dánarbú

Álagning á dánarbú fer eftir þeim reglum sem gilda um lögaðila og fer fram í lok október, um leið og lagt er á aðra lögaðila.

Kærufrestur

Frestur til að kæra álagningu opinberra gjalda, þ.m.t. tryggingagjalds, er 30 dagar talið frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu sé lokið. Auglýsingin var dagsett 25. júlí og skal kæra hafa borist ríkisskattstjóra í síðasta lagi 24. ágúst 2012. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Unnt er að senda kæru rafrænt á þjónustusiðu, skattur.is.

Staðgreiðslufirlit

Á innheimtuseðli eru birtar upplýsingar um innborgaða staðgreiðslu sundurliðaða eftir launagreiðendum. Ef upplýsingum ber ekki saman við launaseðla er launamönnum bent á að snúa sér til launagreiðanda varðandi leiðréttingu. Sé afdregin staðgreiðsla ekki leiðrétt þannig, geta menn snúið sér til ríkisskattstjóra með umsókn um leiðréttingu. Afrit af launaseðlum þurfa að fylgja slíkri umsókn.

Gjöld í staðgreiðslu

Staðgreiðsla er **bráðabirgðagreiðsla** opinberra gjalda á tekjuári. Við uppgjör staðgreiðslu á móti álgðum tekjuskatti og útsvari getur komið fram mismunur, þ.e. inneign eða skuld. Sama gildir um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og staðgreiðslu tryggingagjalds.

Af launum og öðrum staðgreiðsluskilyldum tekjum var á árinu 2011 reiknuð 37,31%, 40,21% og 46,21% staðgreiðsla, þ.e. 22,9%, 25,8% og 31,8% tekjuskattur og 14,41% útsvar. Álagt útsvar er mismunandi eftir sveitarfélögum, en í staðgreiðslu er miðað við landsmeðaltal (14,41%).

Af arði og staðgreiðsluskilyldum vaxatekjum var reiknuð 20% staðgreiðsla vegna skatts á fjármagnstekjur.

Inneign/skuld

Inneign - ofgreidd staðgreiðsla vegna tekjuskatts og útsvars

Inneign getur t.d. myndast í neðangreindum tilvikum:

- Persónuafsláttur hefur ekki verið nýttur við staðgreiðslu.
- Ríkisskattstjóri hefur veitt ívilnun til lækkunar á tekjuskattsstofni.
- Frádráttur er færður á skattframtal vegna ökutækjastyrks og dagpeninga sem staðgreiðsla hefur verið greidd af.
- Iðgjöld vegna viðbótarlífeyrissparnaðar hafa ekki verið dregin frá stofni til útreiknings staðgreiðslu.
- Útsvar í sveitarfélagi framteljanda er lægra en landsmeðaltal (14,41%).

Skuldir - ógreiddur tekjuskattur og útsvar

Skuld getur t.d. myndast í neðangreindum tilvikum:

- Útsvar í sveitarfélagi framteljanda er hærra en landsmeðaltal (14,41%).
- Persónuafsláttur hefur verið ofnýttur við staðgreiðslu.
- Launagreiðandi hefur ekki staðið skil á afdreginni staðgreiðslu.
- Skattur af fjármagnstekjum hefur ekki verið innheimtur.

Skuld getur einnig myndast vegna tekjuliða, sem ekki var skylt að skila staðgreiðslu af, t.d. vegna:

- Leigutekna og söluhagnaðar.
- Hagnaðar af atvinnurekstri.

Inneign/skuld vegna tryggingagjalds

Inneign vegna tryggingagjalds getur myndast ef staðgreiðsla hefur verið ofgreidd. Á sama hátt myndast skuld ef ekki hafa verið gerð skil á greiðslu tryggingagjalds.

Mismunur - inneign/skuld

Á mismun staðgreiðslu og álagningar er reiknað 2,5% álag. Gildir það bæði um inneignir vegna ofgreiddrar staðgreiðslu og um skuldir vegna ógreidds tekjuskatts, útsvars og skatts á fjármagnstekjur. Á mismun (skuld) staðgreiðslu og álagningar tryggingagjalds reiknast dráttarvextir frá gjalddaga, **sé greitt eftir eindaga hvers tímabils.**

Á ofgreidda staðgreiðslu tryggingagjalds eru reiknaðir inneignarvextir.

Gjöld utan staðgreiðslu

Skuld getur myndast vegna eftirtalinna gjalda:

- Útvarpsgjalds.
- Gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.
- Slysatryggingar vegna heimilisstarfa.
- Skatts á fjármagnstekjur.
- Auðlegðarskatts.
- Viðbótar auðlegðarskatts.
- Búnaðargjalds.
- Tryggingagjalds.

Skuld getur einnig myndast ef fyrirfram ákvarðaðar barnabætur, vaxtabætur eða sérstök vaxtaniðurgreiðsla reynast hærri en endanlega ákvarðaðar bætur.

Greiðslustaða

Til frádráttar og skuldajöfnunar koma:

- Fyrirframgreiðsla upp í gjöld utan staðgreiðslu, þ.e. búnaðargjald og auðlegðarskatt ársins 2012.
- Ofgreidd staðgreiðsla.
- Skattafsláttur.
- Barnabætur.
- Vaxtabætur.
- Sérstök vaxtaniðurgreiðsla.
- Inneignarvextir (að frádraginni staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts).
- Álag v/ofgreiddrar staðgreiðslu og fyrirframgreiðslu upp í búnaðargjald.

Ráðstöfun staðgreiðslu og ofgreiddrar fyrirframgreiðslu

Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki er ofgreiddri staðgreiðslu fyrst ráðstafað til greiðslu á ógreiddu útsvari og tekjuskatti maka vegna álagningarársins.

Síðan er ofgreiddri staðgreiðslu og ofgreiddri fyrirframgreiðslu búnaðargjalds ráðstafað til greiðslu á:

- Eldri þing- og sveitarsjóðsgjöldum.
- Álögðum gjöldum ársins sem gjaldfalla 1. ágúst eða fyrr.
- Eftirstöðvum tryggingagjalds og vanskilum á staðgreiðslu.
- Gjaldföllum þing- og sveitarsjóðsgjöldum maka.
- Öðrum gjaldföllum sköttum.
- Öðrum sköttum og gjöldum.

Ofgreiddri staðgreiðslu er ráðstafað upp í ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði og ofgreiddar húsaleigubætur frá sveitarfélögum.

Ráðstöfun barnabóta, vaxtabóta og sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu

Frá vaxtabótum, sérstakri vaxtaniðurgreiðslu og barnabótum eru dregnar fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur, sérstök vaxtaniðurgreiðsla og barnabætur. Barnabótum, sem þá standa eftir, er ráðstafað á móti ofgreiddum barnabótum og skipt á tvo gjalddaga, 1. ágúst og 1. nóvember. Vaxtabætur og sérstök vaxtaniðurgreiðsla koma til útborgunar 1. ágúst.

Vaxtabótum og sérstakri vaxtaniðurgreiðslu sem koma til útborgunar 1. ágúst er ráðstafað til greiðslu á:

- Eldri þing- og sveitarsjóðsgjöldum.
- Álögðum gjöldum ársins sem gjaldfalla 1. ágúst eða fyrr.
- Eftirstöðvum tryggingagjalds.
- Vangreiddum þing- og sveitarsjóðsgjöldum maka.
- Virðisaukaskatti og bifreiðagjöldum.
- Ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.
- Ofgreiddum húsaleigubótum frá sveitarfélögum.
- Vangreiddum meðlögum hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Gjalddagar

Eftirstöðvum álagðra gjalda og fyrirframgreiðslu búnaðargjalds vegna álagningar ársins 2013 er jafnað á fimm gjalddaga, 1. ágúst - 1. desember.

Gjalddagaskipting miðast þó við að ekki sé til innheimtu lægri fjárhæð en 2000 kr. á hverjum gjalddaga.

Útvarpsgjaldi er jafnað á þrjá gjalddaga, 1. ágúst, 1. september og 1. október.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa og ofgreiddar barnabætur, vaxtabætur, sérstök vaxtaniðurgreiðsla og tryggingagjald utan staðgreiðslu gjaldfalla 1. ágúst.

Vangreiðsla á hluta gjalda veldur því að öll gjöld á gjaldárinu falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi manna, sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur, er fallinn í gjalddaga fyrir 1. ágúst ef ekki hefur verið staðið í skilum með staðgreiðslu viðkomandi tekjuárs.

Staðgreiðsluskylt tryggingagjald er gjaldfallið fyrir 1. ágúst.

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds sem reyndist ógreidd vegna ársins 2012, er gjaldfallin fyrir 1. ágúst.

Inneign sem myndast að loknum skuldajöfnuði er greidd þannig:

- Barnabætur eru greiddar út 1. ágúst og 1. nóvember.
- Aðrar inneignir eru greiddar út 1. ágúst.

Inneign er greidd út þrátt fyrir ógreidda álagningu ársins sem gjaldfellur 1. september og síðar.

Innborgun gengur fyrst til lækkunar á elstu skuld.

Dráttarvextir

Dráttarvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði 114. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 13. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Skyldur launagreiðanda

Launagreiðanda ber að halda eftir af launum starfsmanns fjárhæð, sem nægir til greiðslu opinberra gjalda hans, þó aldrei hærri fjárhæð að meðtalinni staðgreiðslu en sem nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni. Ágreining um afdrátt af launum má bera undir viðkomandi innheimtumann ríkissjóðs. Ákvörðun hans er kæránleg til fjármálaráðuneytis.

Greiðsluseðlar

Ef fjárhæð (skuld) á gjalddaga er 2000 kr. eða hærri eru greiðsluseðlar sendir gjaldendum vegna hvers gjalddaga 1. ágúst - 1. desember. Greiðsluseðlar eru sendir til þeirra gjaldenda sem ekki eru merktir ákveðnum launagreiðendum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

Inneign 1. ágúst

Inneignir verða greiddar út 1. ágúst.

Lagt er inn á bankareikning gjaldanda ef upplýsingar um reikning eru fyrir hendi skv. skattframtali, bankaskrá innheimtumanna, ráðstöfunarskrá banka og sparisjóða eða launaskrá Fjársýslu ríkisins. Aðrar inneignir eru greiddar út hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Upplýsingar um greiðslu inneigna koma fram á innheimtuseðli.

Nánari upplýsingar

Ríkisskattstjóri veitir nánari upplýsingar um álagningu opinberra gjalda þ.m.t. tryggingagjalds, auk staðgreiðsluskila.

Innheimtumenn ríkissjóðs, sýslumenn utan Reykjavíkur og Tollstjóri, veita nánari upplýsingar um greiðslustöðu, útborgun inneigna og innheimtu skulda. Jafnframt skal bent á upplýsingavef ríkisskattstjóra, **www.rsk.is**.

Leiðbeiningar í bæklingi þessum skapa hvorki rétt né skyldur umfram ákvæði laga.